



## HAFNARFJÖRÐUR

**Minnisblað – 8. desember 2016**

Efni: Ölduslóð 38, bílastæði. 1611009

Þann 1.12.2016 barst skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar andmælabréf frá Árna Stefáni Árnasyni lögfræðingi fyrir hönd Maríu Albertsdóttur. Þann 1. nóvember 2016 sótti María Albertsdóttir um sérmerkt bílastæði við götu. Var erindinu synjað í bréfi frá skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 8. nóvember 2016, á þeim forsendum að bílastæði er nú þegar við húsið að Ölduslóð 38 og umsækjandi ekki sjálfur ökumaður bifreiðar.

Í bréfi Árna S. Árnasonar lögmanns er farið þess á leit að ákvörðun skipulags- og byggingarfulltrúa verði endurskoðuð og tímabundið leyfi veitt fyrir sérmerktu stæði í ljósi þess að frú María býr við skerta hreyfigetu, og þar sem atvinnustarfsemi að Ölduslóð 40 hafi í för með sér verulega aukningu bíla í götunni. Vegna þessa er ekki tryggt að ávallt sé hægt að leggja við gangstétt nær aðalinngangi hússins.

Í andmælabréfi er óskað eftir frekari rökstuðningi synjunar á sérmerktu bílastæði við götu. Eins og fram kom í bréfi frá skipulags- og byggingarfulltrúa er stæði á lóð. Í synjunarbréfi kom ekki fram að tekið er úr gangstétt við innkeyrslu svo keyra megi upp í stæðið á lóð. Íbúum er heimilt að leggja fyrir framan innkeyrslur sínar. Þá skulu íbúar ávallt eiga greiðan aðgang að sínu stæði á lóð sk. umferðarlögum 50/1987 28. gr. lið b. Þar segir: *“Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því: liður b. þar sem ekið er að eða frá húsi eða lóð eða þannig að torveldi akstur þangað eða þaðan.”*

Staðsetning innkeyrslu við götu, þar sem lagt er til að ökumaður bifreiðar frú Maríu leggi, er sem nemur einni bíllengd frá þeim stað sem óskað er eftir að fá sérmerkt stæði. Mögulegt er að bakka bifreið upp á gangstétt og stöðva þar meðan umsækjandi fær aðstoð við að komast leiðar sinnar. Í fylgigögnum umsóknar er sýnt fram á skerta hreyfigetu umsækjanda. Má færa rök fyrir því að greiðara aðgengi er við innkeyrsluna eða frá gangstétt þar sem enginn kantsteinn er, heldur en við götu.

Nú þegar er hluti götunnar tileinkaður Ölduslóð 38 sk. umferðarlögum 50/1987 þar sem eigendur/íbúar hafa skilyrðislausan rétt til að aka til og frá stæði sínu og takmarkar það um leið rétt annarra til hagnýtingar á stæði við götu.

Í ljósi þess er fram kemur hér að ofan er erindinu synjað.

F.h. skipulagsdeildar Umhverfis- og skipulagsþjónustu.  
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt